

Dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða

19. desember 2014

Tilvísun: 2014010218

Efni: Umræðuskjal nr. 15/2014 vegna leiðbeinandi tilmæla um starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða (UCITS ETF).

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 15/2014 sem inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða (UCITS ETF). Tilmælin varða upplýsingagjöf vegna starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða (UCITS ETF) og er ætlað að stuðla að því að slíkir sjóðir veiti fjárfestum upplýsingar í samræmi við bestu framkvæmd eins og hún hefur verið afmörkuð í viðmiðunarreglum Evrópska verðbréfa- og markaðseftirlitsins, ESMA/2014/937.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru einnig birt á vefsíðu eftirlitsins, www.fme.is. Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara. Umsagnareyðublaðið fylgir þessu dreifibréfi en það má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða sem eru viðtakendur þessa umræðuskjals eru vinsamlega beðin um að staðfesta móttöku skjalsins, veita upplýsingar um hvort þau muni hlíta þessum tilmælum eða ekki, og veita rökstuðning fyrir ákvörðun sinni.

Þess er óskað að athugasemdir vegna umræðuskjalsins verði sendar Fjármálaeftirlitinu ekki síðar en 30. janúar nk. Nánari upplýsingar veitir Hjálmar Stefán Brynjólfsson (hjalmar@fme.is).

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Hjálmar S. Brynjólfsson

